

AUGLÝSING

um deiliskipulag jarðarinnar Selja í Helgafellssveit.

Sveitarstjórn Helgafellssveitar samþykkti á fundi sínum 25. maí 2016 deiliskipulag vegna jarðarinnar Selja í Helgafellssveit, í mynni Hraunsfjarðar norðanvert, inn af Kolgrafarfirði.

Skipulagsvæðið sem tillagan tekur til er tæpir 119 ha að stærð og afmarkast af sjó í suðri og vestri, Bjarnarhafnarfjalli í norðri og þjóðvegi í suðaustri. Skipulagsvæðið liggur fjarri landamerkjum, en næst eru landamerki Bjarnarhafnar, um 750 m norðan þess. Aðliggjandi í suðaustri er jörðin Hraunsfjörður. Fyrirhugað deiliskipulag er í samræmi við auglýsta tillögu að aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024, en svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagstillögu sveitarfélagsins.

Mannvirkjagerð felst m.a. í að reisa sumarhús ofarlega á Seljaodda ásamt því að byggja upp möguleika til útivistar fyrir landeigendur, m.a. með gerð lítillar flotbyggju í voginum innanvert á oddanun. Gert er ráð fyrir að lengja núverandi heimreið frá þjóveginum að Seljaodda sem er vestast á skipulagsvæðinu.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Breytingin á deiliskipulaginu tekur þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Helgafellssveitar, 22. júlí 2016,

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi.